

# Engin einföld lausn á vanda geðfatlaðra

Páll Pétursson kannast ekki við að málefnum geðfatlaðra sé varpað á milli ráðuneyta. Vandamál þeirra leysast ekki nema með samfélagslegri vitund, segir Sigurður Guðmundsson landlæknir

**GEÐFATLAÐIR** „Það er engin einföld lausn til á málefnum geðfatlaðra en við vitum að það þarf að efla þjónustuna utan sjúkrahúsa,“ segir Sigurður Guðmundsson

landlæknir um það ófremdarástand sem ríkir í málefnum geðfatlaðra. Hann segir talsvert algengt að inn á borð til sín berist mál af þessu tagi. „Vandinn er einnig að sjúklingarnir sjálfir hafa oft og tíðum allt aðra skoðun á þörfum sínum en aðstand-

endur og heilbrigðisstarfsfólk. Margir vilja alls ekki gangast undir meðferð og oft vill þetta fólk ekki taka þau lyf sem sannarlega myndu hjálpa.“

Sigurður telur að þrátt fyrir allt sé ástandið síst verra hér en í löndunum í kringum okkur. Þeir sem sofa á götunum séu oftast úr hópi geðfatlaðra. „Það afsakar ekki ástandið hér sem ekki leysist nema með samfélagslegri vitund. Í því sambandi eru samtök eins og Geðhjálp alveg gríðarlega mikilvæg og veita stjórnvöldum aðhald og gera mikið gagn.“

Páll Pétursson félagsmálaráðherra segist ekki kannast við að félagsmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið vörpuðu málum á



**GEÐHJÁLP**

Samtökin vinna gríðarlega gott starf og eiga hrós skilið að mati landlæknis.

milli sín eins og Sveinn Magnússon framkvæmdastjóri Geðhjálpar sagði í samtali við blaðið fyrr í vikunni. Þvert á móti þá sinni hans ráðuneyti þeim málum sem þeim bæri í tengslum við geðfatlaða. „Við höfum nýlega sagt upp þjónustusamningi við Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans og unnið er að því gera nýjan.

Húsnæðisvandi geðfatlaðra er á ábyrgð sveitarfélaganna og við komum ekki að þeim málum á annan hátt en það er hægt að kæra til félagsmálaráðuneytisins ef þeir standa ekki við þá skyldu sína að sjá þeim skjólstæðingum sínum fyrir húsnæði.“

Páll segir þau mál sem lúta að hans ráðuneyti í tengslum við geð-

fatlaða í lagi. Málefni þeirra séu fyrst og fremst á ábyrgð heilbrigðisráðuneytisins en heyri ekki undir félagsmálaráðuneytið. „Á milli þessara tveggja ráðuneyta er gott samstarf og skil ekki hvað menn eru að fara með því að halda öðru fram“, segir Páll Pétursson félagsmálaráðherra.

[bergjot@frettabladid.is](mailto:bergjot@frettabladid.is)